

Íþróttir | Handbolti | mbl | 5.5.2013 | 16:22 | Uppfært 22:16

Fram Íslandsmeistari kvenna eftir 23 ár



Mynd 1 af 3 Framarar lyfta Íslandsbikarum í Safamýrinni í dag. mbl.is/Eva Björk

Fram er Íslandsmeistari kvenna í handknattleik 2013 í fyrsta sinn síðan 1990 eftir að hafa unnið Stjörnuna, 19:16, í oddaleik á heimavelli sínum í Safamýri í dag. Fram var tveimur mörkum yfir í hálfleik, 12:10.

Í síðari hálfleik var Fram-liðið mun sterkara og innsiglaði verðskuldaðan sigur með frábærum varnarleik. Þegar upp var staðið virtist meiri orka vera eftir í herbúðum Fram-liðsins en Stjörnunnar. Fram vann tvo síðustu leikina í rímmunni.

Stella Sigurðardóttir skoraði átta mörk fyrir Fram og Elísabet Gunnarsdóttir fimm, öll úr vítakasti. Guðrún Bjartmarz varði 10 skot í markinu.

Hanna Guðrún Stefánsdóttir skoraði sjö mörk fyrir Stjörnuna, þar af sex úr vítakasti. Esther Ragnarsdóttir skoraði þrjú mörk. Sunneva Einarsdóttir varði 11 skot.

Alla markaskorara leiksins má finna hér að neðan.

Innan stundar birtist hér á mbl.is viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna.

Fylgst er með gangi mála hér á mbl.is.

Lið Fram: Hildur Gunnarsdóttir, Guðrún Bjartmarz - Anna María Guðmundsdóttir, Guðrún Þóra Hálfðánsdóttir, Hafdís Shizuka Iura, Hekla Rún Ámundadóttir, Marthe Sördal, Stella Sigurðardóttir, Ásta Birna Gunnarsdóttir, Sigurbjörg Jóhannsdóttir, Sunna Jónsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, María Karlsdóttir, Steinunn Björnsdóttir.

Þjálfari: Halldór Jóhann Sigfússon.

Lið Stjörnunnar: Sunneva Einarsdóttir, Hildur Guðmundsdóttir - Indíana Nanna Jóhannsdóttir, Jóna Margrét Ragnarsdóttir, Kristín Clausen, Esther V. Ragnarsdóttir, Helena Rut Örvarsdóttir, Sólveig Lára Kjærnested, Hanna Guðrún Stefánsdóttir, Arna Dýrfjörð, Sandra Sif Sigurjónsdóttir, Guðrún Ósk Kristjánsdóttir, Þórhildur Gunnarsdóttir, Rakel Dögg Bragadóttir.

Þjálfari: Skúli Gunnsteinsson.

Fram	19:16	Stjarnan	Loka ▼
Stella Sigurðardóttir - 8 Elísabet Gunnarsdóttir - 5/5 Ásta Birna Gunnarsdóttir - 2 Sigurbjörg Jóhannsdóttir - 2 Sunna Jónsdóttir - 2	Mörk	7 / 6 - Hanna Guðrún Stefánsdóttir 3 - Esther Viktoría Ragnarsdóttir 2 - Rakel Dögg Bragadóttir 1 - Sólveig Lára Kjærnested 1 - Helena Rut Örvarsdóttir 1 - Jóna Margrét Ragnarsdóttir 1 - Kristín Jóhanna Clausen	
Guðrún Bjartmarz - 11 Hildur Gunnarsdóttir - 1	Varin skot	11 - Sunneva Einarsdóttir	
8 Mín	Brottvísanir	4 Mín	

mín.

Leik lokið

Fram er Íslandsmeistari í handknattleik kvenna í fyrsta sinn í 23 ár. Til hamingju.

Fram tapar boltanum - nokkrar sekúndur eftir og Framarar kasta boltanum út af. Leiknum er lokið.	 60 19:16	
	60 19:16	 Hanna Guðrún Stefánsdóttir skorar úr víti
	60 19:15	VÍTI Hanna Guðrún Stefánsdóttir fiskar víti
- Stuðningsmenn Fram og leikmenn eru staðnir á fætur og farnir að fagna fyrsta Íslandsmeistaratitli kvennaliðsins í 23 ár.	60 19:15	
Guðrún Þóra Hálfðánsdóttir á skot í slá	 59 19:15	

Sjá meira

Sjá allt

Dómarar:

Gangur leiksins: 3:0, 5:2, 5:5, 5:7, 7:9, **12:10**, 13:10, 15:13, 15:14, 18:14, 19:14, **19:16**.

Lýsandi:

Völlur: Framhúsið

Fram: (M). .

Stjarnan: (M). .